

**Mál nr. 61/2021****M og  
V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda X****Ágreiningur um sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 8. febrúar 2018.****Gögn.**

Málskot móttakið 15. febrúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 25. febrúar 2021 ásamt höfnunarbréfi V dags. 13. nóvember 2020, PC-crash skýrslu dags. 8. október 2020 og úrskurði nefndarinnar í máli 354/2012.

Tölvupóstur M, dags. 2. mars 2021.

Öll gögn málsins hjá V send til nefndarinnar 10. mars 2021.

**Málsatvik.**

Hinn 8. febrúar 2018 ók M sem ökumaður bifreiðarinnar X aftan á aðra bifreið á Kársnesbraut. Í tjónstilkynningu kemur fram að merkt er við að M hafi slasast í árekstrinum. Í samskiptaseðli heilsugæslunnar dags. sama dag kemur fram að M leitaði til læknis og kvaðst hafa fengið verki í mjóbak um klukkustund eftir áreksturinn. Frekari læknisfræðileg gögn liggja fyrir um heimsóknir M til lækna bæði fyrir og eftir umrætt slys. Af hálfu V hefur verið lögð fram svokölluð PC-crash skýrsla þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að þyngdarkraftur sem leiðst hafi úr læðingi á bifreið þá sem M ók hafi verið 0.67 g.

M telur að sýnt sé að hann hafi hlotið líkamstjón sem hafi haft bæði tímabundin og varanleg áhrif. M lýsir í löngu máli samskiptum sínum við lækna, sjúkraþjálfara, vinnuveitanda sinn sem og V í málskoti og fylgigögnum.

V telur ósannað að M hafi meiðst í umræddum árekstri þannig að hann hafi sýnt fram á að skilyrði til greiðslu bóta séu uppfyllt. Einnig vísar V til skýrslu um ætlaðan þyngdarkraft við áreksturinn og að hann sé það lítilt að ekki sé mögulegt að M hafi hlotið líkamstjón í honum. V telur engan rökstuðning fylgja málskotinu og það eigi að vísa málinu frá nefndinni.

**Álit.**

Í gögnum málsins koma fram nægar upplýsingar til að taka efnislega afstöðu til þess sem nefndin telur efnislegan ágreining málsins, þ.e. hvort nægilega sannað sé með framlögðum gögnum að M hafi hlotið líkamstjón í árekstri 8. febrúar 2018. Nefndin tekur afstöðu til þeirra gagna sem liggja fyrir með málskoti og hjá váttryggingafélögum þegar mál eru lögð fyrir nefndina og í því skyni aflaði nefndin þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu hjá V og voru ekki send með málskoti eða bréfi V dags. 25. febrúar 2021 á grundvelli heimildar í 5. gr. samþykktu fyrir nefndina sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda. Málinu verður því ekki vísað frá nefndinni.

Hvað varðar efnislegan ágreining M og V verður að líta til fyrirliggjandi gagna. Þau sýna að M tilkynnti V um líkamstjón sitt með tjónstilkynningu og leitaði til læknis samdægurs vegna einkenna sem hann lýsir sem sviða í viðtali við læknakandidat heilsugæslunnar. Frekari gögn málsins sýna að M hefur leitað til lækna vegna stoðkerfiseinkenna eftir slysið en einnig fyrir það. Ekki liggur yfir álit læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns um læknisfræðilegar afleiðingar árekstursins 8. febrúar 2018 m.t.t. annarra stoðkerfiseinkenna sem M hefur leitað til lækna eða sjúkraþjálfara vegna. Verður því ekki af þessum gögnum fyllilega séð hvaða einkenni M má rekja til hans eða hvort þau hafi leitt til annað hvort tímabundins eða varanlegs tjóns í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993. M ber sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni og hvers eðlis það er og ber hann því hallann af sönnunarskorti. M á því, m.v. gögn málsins, ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.